

Fegurðin

Listasafn Íslands:
Vefjarlist Ásgerðar Búadóttur

Það er enginn nýr sannleikur að halda því fram að vefnaður Ásgerðar Búadóttur búi yfir óvenjulega fagaðri fullkomnun í formi, lit, efnisvali og handverki. Það blasir við hverjum og einum sem á annað borð sér, svo opinn er vefur hennar, hreinn og beinn og einfaldur í formi og framsetningu. En hvað er það sem laðar okkur að þessum formum, þessum litum og þessari áferð? Hvað segja veggteppi hennar okkur í raun og veru? Hvernig stendur á því að við finnum okkur sjálf svo auðveldlega að einhverju eða öllu leyti í þessu einfalda myndmáli og hvaða boðskap hefur það að bera?

Ásgerður gefur myndvefnaði sínum gjarnan nöfn sem tengjast náttúrunni, náttúruöflunum og árstíðunum: *Náttkemma, Bláin, Dögun, Vúlk-an, Norðrið* o.s.frv.

Formin í þessum myndum eru þó mestmegnis fullkomlega óhlutlæg, þannig að vafasamt er að tengja þau beint við ákveðin fyrirbæri í náttúrunni. Og þótt litirnir komi okkur kunnuglega fyrir sjónir úr íslensku umhverfi, þá hvíla þeir fyrst og fremst í sjálfum sér í vefnum, rétt eins og formin og efnið. Það bætir ekki við upplifun okkar af myndinni *Náttkemma* að reyna að sjá í henni mynd af kyrrlátu regni að næturlagi. Og myndin *Dögun* verður okkur engu nærkomnari þótt við reynum að sjá í henni einhverja gamla minningu af rauðri sólarupprás. Þessi veggteppi eru einfaldlega ekki lýsandi í þeim skilningi að þau birti okkur glögga mynd af náttúrunni. Það er langur vegur frá hlutveruleikanum að þeim formrænu og efnislegu niðurstöðum sem vefur Ásgerðar býður okkur upp á.

Hvers vegna ber vefur hennar þá með sér þennan ómótstæðilega þokka?

Ef það er ekki tilvísunin í hlutveruleikann sem höfðar til okkar í þessu myndmáli, þá bendir allt til þess að það eigi sér frekar einhverja samsvörun innræ með okkur sjálfum.

Mig langar í þessu sambandi til að vitna í ritgerð sem Spánverjinn José Ortega y Gasset skrifaði árið 1954 um landa sinn, málaraðn Velazques. Hann er þar að tala um hinn ítalska/spánska mannérisma sem Velazques hafði snúist öndverður gegn, rétt eins og hinn ítalski starfsbróðir hans Caravaggio hafði gert nokkrum árum áður. Ortega y Gasset sér réttlæga í mannérismanum fyrsta vísinn að þeirri formhyggju sem löngu síðar átti eftir að verða megineinkenni vestrænnar myndlistar: að upphæfa formið sem slíkt og þau innbyggðu gildi sem það býr yfir, án tillits til hins ytri hlutveruleika. Röksemda-færsla Spánverjans er sláandi einföld þar sem hann lýsir þeirri upphafningu formsins sem meðal annars einkenndi mannérismann á ofanverðri 16. öld á Ítalíu, þar sem „... *hin listrænu form urðu ríkjandi andspænis binum blutlegu formum. Hluturinn birtist okkur því ummyndaður á myndfletinum, þannig að hann verður strangt tekið annar blutur en hinn raunverulegi; nýr blutur, sem á sér ekki stað í náttúrunni, en er uppfinning listamannsins. Slíkur umbreyttur blutur vekur sérstæða velþóknun. Það er eins og hin nýja og stílfærða blutgerving sýni okkur blutinn eins og hann ætti að*



Ólafur
Gíslason



vera, eða með öðrum orðum í fullkomnun sinni. Það er engu líkara en að djúpt í manninum búi dulin ósk varðandi form blutanna. Við vitum ekki hvers vegna hann óskar sér þá öðruvísi en þeir eru í raunveruleikanum. En raunveruleikinn virðist manninum alltaf ófullnægjandi. Því fyllist hann hamingju, þegar listamaðurinn stillir upp fyrir augliti hans blutur, sem falla saman við óskir hans. Það er þetta sem kallað er Fegurð.... Heimur binna fígru bluta er frábrugðinn raunveruleikanum, og þegar maðurinn hugleiðir hann, finnst honum hann vera staddur utan við heiminn, fagurfræðilega fluttur í annan heim. Nautn fegurðarinnar er dulmögnað tilfinning eins og allt það sem kemur okkur í návist handanheimsins.“

Ef við tökum þessi orð Spánverjans alvarlega og hermum þau að breyttum breytanda upp á veggteppi Ásgerðar Búadóttur, þá er það einmitt þetta sem er kjarni málsins: veggteppi hennar sýna okkur hreinræktaða fegurð, fegurð sem á sér metafysískar eða trúarlegar rætur sem liggja handan hins sýnilega veruleika. List hennar er til þess fallin að flytja okkur í annan heim, „koma okkur í návist handanheimsins“.

Samkvæmt orðum þessa spánska heimspekings verður fullnægja fegurðarþrárinnar til þar sem löngunin og lögmálið mætast í hinu fullkomna

formi. Og þessi löngun er eitthvað sem er manninum eðlislegt og liggur djúpt í dulvitundinni.

Í rauninni er eins og Ortega y Gasset sé að lýsa eitruðlyfjanautn: raunveruleikinn er okkur ófullnægjandi eða jafnvel óbærilegur og við þráum að komast „í annan heim“ fyrir tilverknad þessa meðals, sem er hið hreinræktaða form er stendur hlutveruleikanum ofar.

Því var á sínum tíma haldið fram að trúarbrögðin væru „ópfum fyrir fólkið“. Ekki veit ég hvort sú samlikning er að öllu leyti réttmæt, en sé líkingunni haldið áfram þá hefur Ásgerður Búadóttir gert listina að staðgengli trúarbragðanna á sinn hátt, og veitt okkur þannig tækifæri til að fullnægja þessari djúpstæðu og dulvituðu löngun okkar eftir „öðrum heimi“.

En Spánverjinn lætur ekki staðar numið við þessa samlikningu listarinnar og trúarbragðanna. Hann bendir á að þessi hreinræktun formsins geti leitt út í ógöngur: „*blutveruleikinn, sem gengið var út frá í stílfærslunni, hverfur smám saman, og í hans stað sitja eftir hin tómu form, brein og listræn eða fígur, en nánast einangruð í sérleika sínum. Þá á sér stað forvitnileg þróun. Formin glata virkni sinni og gildi, því blutverk þeirra var að upphæfa hinn raunverulega blut til „fullkomunar“ sinnar eða „fegurðar“. Það felur í sér að bluturinn heldur áfram að vera sá sami í hinu nýju mynd sinni. Ef listin fjarlegist hann of mikið, ef aðeins er um óljós og vart sjáanleg tengsl að ræða, gerist það að „fegurargaldurinn“ mistekst og listin verður að breinum stílbrögðum, sem umbreyttist í reglu án innihalds. Þannig kemur fram hjá listamönnum og áborfendum óvænt þreyta á Fegurðinni, og listin*

snýst hundrad og áttatíu gráður um möndul sinn til þess að snúa sér aftur að binum raunverulega blut.“

Þótt Spánverjinn hafi þarna verið að fjalla um uppgjör Velazques við mannérismann á öndverðri 17. öld, þá eru þessi orð að mörgu leyti lýsandi fyrir samtíma okkar og þá hættu sem list Ásgerðar Búadóttur stendur frammi fyrir. Ég er ekki í nokkrum vafa um að Ásgerður geri sér sjálf grein fyrir þessari hættu, og þar með þeirri staðreynd að hin óhlutlæga abstraktlist hennar kynslóðar stefnir í ákveðin þrot. Þau þrot eru ekki bara einstaklingsbundin, heldur tengjast þau falli ákveðinnar þjóðfélagsútöpu sem byggði á heildarlausn og er kennd við móðernisma. Spánverjinn Ortega y

Gasset trúði líka á heildarlausnir, og fyrir honum virtist listasagan vera einföld sveifla á milli hefðbundins raunsæis eða natúralisma og formhyggju. Vandinn í samtímanum hefur hins vegar reynst þyngri en svo, þar sem við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að heildarlausn hins hefðbundna raunsæis hefur líka beðið skipbrot fallinna trúarbragða og fullkomin afhelgun tungumálsins virðist óhjákvæmileg.

Andspænis þessum vanda hefur Ásgerður Búadóttir haldið á lofti fána útöpuunnar af hetjulegum sannfæringarkrafti, sem skipar henni í fremstu röð meðal fulltrúa hinnar föllnu draumsýnar í íslenskri myndlist.



FORVAL

F.h. Vatnsveitu Reykjavíkur er óskað eftir verktökum til að taka þátt í forvali vegna lokaðs útboðs á byggingu lokahúss við aðalæð II.

Áðurnefnt hús verður staðsett í nágrenni Grafarholts og er rúmtak húss ca. 100 m³ og byggingarefni er steinsteypa.

Forvalsgögn liggja frammi á skrifstofu vorri frá og með þriðjudeginum 22. nóvember 1994.

Lysthafendur skili forvalsgögnum til Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 3, í síðasta lagi þriðjudaginn 29. nóvember 1994 fyrir kl. 16.00.

INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR
Fríkirkjuvegi 3 – Sími 25800

Hagstofa Íslands — Þjóðskrá

Er lögheimili yðar rétt skráð í þjóðskrá?

Nú er unnið að frágangi árlegrar íbúaskrár 1. desember. Mikilvægt er að lögheimili sé rétt skráð í þjóðskrá.

Hvað er lögheimili?

Samkvæmt nýjum lögheimilislögum frá 1. janúar 1991 er lögheimili sá staður þar sem maður hefur fasta búsetu.

Hvað er föst búseta?

Föst búseta er sá staður þar sem maður hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tólmundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er. Þetta þýðir að lögheimili manns skal jafnan vera þar sem hann býr á hverjum tíma.

Hvað er ekki föst búseta?

Dvöl frá heimili um stundarsakir t.d. vegna orlofs, vinnuferða og veikinda er ekki breyting á fastri búsetu og þarafleibandi ekki breyting á lögheimili. Sama gildir t.d. um dvöl í gistihúsum, sjúkrahúsum, heimavistarskólum og fangelsum.

Hvernig eiga hjón og fólk í óvígðri sambúð að vera skráð?

Séu þessir aðilar samvistum, eiga þeir að hafa sama lögheimili. Hvað barnafólk varðar er reglan sú að dvelji annar hvor aðilinn fjarri fjölskyldu sinni um stundarsakir, t.d. vegna atvinnu, skal lögheimili allrar fjölskyldunnar vera skráð hjá þeim sem hefur börn þeirra hjá sér.

Hvenær og hvar skal tilkynna flutning?

Breytingu á fastri búsetu á að tilkynna innan 7 daga frá flutningi til skrifstofu þess sveitarfélags sem flutt er til. Ennfremur má tilkynna flutning beint til Hagstofu Íslands — Þjóðskrár eða lögregluvarðstofu í Reykjavík. Tilkynningar skulu vera skriflegar á þar til gerðum eyðublöðum.

Hagstofa Íslands — Þjóðskrá
Skuggasundi 3
150 Reykjavík
Sími: 91-609850
Bréfasími: 91-623312